



ÞAÐ ER
GAMAN
AÐ LESA

ÍSLENSKA LESTRARFÉLAGIÐ

Lesum áfram með börnum þótt þau séu orðin læs

Það er keppikefli flestra að kenna börnum að lesa sem fyrst svo að þau geti lesið sjálf og ekki þurfi að lesa fyrir þau. Það hefur sýnt sig að lítið eða ekkert er lesið fyrir börn þegar þau eru sjálf orðin læs. Börn þurfa að hafa gott vald á lestri til þess að geta lesið sér til yndis og ánægju.

Þótt börn geti stautað er ekki þar með sagt að þau séu fær um að lesa sjálf og skilji hvað býr að baki bókstöfunum. Með því að lesa fyrir þau og með þeim erum við að auka lestrarfærni þeirra, bæta málfar þeirra, efla málskilning og stuðla að almennum þroska.

En þó að börn séu farin að lesa sjálf er mikilvægt að foreldrar hætti ekki að lesa upphátt. Foreldrar eiga að halda áfram að lesa fyrir börnin og lesa þá ef til vill þyngri eða flóknari texta en þau ráða við sjálf. Þannig kynnast börn fjölbreyttari orðum og nýjum hugtökum. Það býr þau undir að lesa æ þyngri texta.

Gott er að spjalla saman um efni bókarinnar, rök-ræða og velta fyrir sér efni hennar, hvort sem börn lesa sjálf eða lesið er fyrir þau. Með því að lesa fyrir börn og ræða við þau um efnið erum við að miðla þeim af heimi sem þau ráða enn ekki við sjálf. Það er mikilvægt fyrir málskilning og læsi að foreldrar lesi þannig með börnum sínum. Það gegnir svipuðu hlutverki og að lesa fyrir börnin.

Er þá sama hvað börn lesa?

Allur texti eykur lestrarfærni en ekki er allt efni jafngott. Texti á sjónvarpsskjá er til dæmis mjög knappur og rýr vegna þess að hann er hugsaður sem stuðningur við myndefni og dagblaðatexti getur verið einhæfur vegna efnisvals. Þess vegna er mikilvægt að börn

kynnist margs konar texta um margvíslegt efni: þjóðsögur og ævintýri, vísindi og tækni, ástir og sorgir, líf og dauða.

Drengir lesa minna en stúlkur

Rannsóknir á íslenskum börnum sýna að drengir lesa minna en stúlkur í tómstundum sínum og að hópur þeirra sem ekkert les stækkar sífellt. Af hverju ætli það sé? Af hverju lesa strákar minna en stelpur?

Það er munur á lestrarvenjum stráka og stelpna!

- Getur verið að foreldrar haldi frekar bókum að stelpum en strákum?
- Getur verið að tölvuleikjum sé frekar otað að strákum en stelpum?
- Getur verið að sumir leikir barna séu betri undirbúningur og skapandi jarðvegur fyrir lestur?
- Getur verið að lesturinn höfði síður til barna sem sækjast eftir leikjum með mikilli hreyfingu en hinna sem leita eftir ró og næði í leikjum sínum? Er það vegna þess að lestri fylgir ekki sá kraftur og sú virkni sem þykir eftirsóknarverð?
- Getur verið að of lítið sé gert af því að halda bókum að fjörmiklum börnum?

Það er gaman að lesa!

Í nútímapjóðfélagi er nauðsynlegt að vera læs!

Af því læra börnin sem fyrir þeim er haft

Það skiptir sköpum fyrir námsárangur að börn venjist bókum snemma og drengir séu hvattir til að lesa ekki síður en stúlkur.

Lestur er jafnvel enn mikilvægari þáttur í uppeldi allra barna en íþróttir, tónlistarnám eða aðrar tómstundir.

Nauðsynlegt er að börnin sjái foreldra sína lesa og handfjatla bækur og annað lesefni svo að þau læri að meta það. Hvernig eiga þau annars að komast að því að lestur sé einhvers virði?

Miklu skiptir að blöð, tímarit og ekki síst bækur séu til á heimilinu svo auðveldara sé fyrir börn að nálgast lesefni. Kannanir sýna að greiður aðgangur að lesefni skiptir höfuðmáli fyrir læsi og gott gengi í skóla.

Það er hollt að lesa!

Nauðsynlegt er að þróa tengsl milli foreldra og barna, og að foreldrar gefi börnum sínum tíma. Lesturinn er góð leið til þess.

Bókasöfn eru upplýsingamiðstöðvar

Á unglingsárunum dregur oft úr lestri. Þá skiptir miklu að lesturinn sé orðinn að vana vegna þess að lestur bætir námsárangur. Færni í lestri skiptir sköpum fyrir skólagöngu hvers og eins

Á bókasöfnum er að finna margs konar lesefni, myndbönd, geisladiska og ýmislegt fleira. Hvetjum börn til að sækja þangað það efni sem þau hafa áhuga á.

Í upplýsingasamfélagi nútímans er nauðsynlegt að vera læs

Í bókum, blöðum, tímaritum og á netinu er að finna mikið af fræðandi efni fyrir alla, unga sem aldna. Til þess að geta nýtt sér það er nauðsynlegt að vera vel læs.

Lestur er lykill að upplýsingatækni

Á netinu er að finna hafsþjó af fróðleik. Til að leita sér upplýsinga eða þekkingar með hjálp tölvu er nauðsynlegt að vera vel læs.

Auk þess má nota tölvuna til margra annarra hluta, svo sem bréfaskipta við vini og vandamenn, samskipta á spjallrásum, skólaverkefna og fræðandi tölvuleikja. Það örvar málkennd, málnotkun, tjáningu og bætir stafsetningu að skrifast á.

- Lestur vekur forvitni
- Lestur er fræðandi
- Lestur eflir málþroska
- Lestur styrkir máltilfinningu
- Lestur eykur orðaforða

- Gerir góð bók barnið að betri manni?
- Skiptir þekking máli? Hvert eigum við að sækja hana?
- Er það keppikefli okkar að kenna börnunum að lesa sem fyrst svo að þau geti lesið sjálf og ekki þurfi að lesa fyrir þau lengur?

Lestur er lykill að framtíð

Lesum áfram með börnum þótt þau séu orðin læs

Það er keppikefli flestra að kenna börnum að lesa sem fyrst svo að þau geti lesið sjálf og ekki þurfi að lesa fyrir þau. Það hefur sýnt sig að lítið eða ekkert er lesið fyrir börn þegar þau eru sjálf orðin læs. Börn þurfa að hafa gott vald á lestri til þess að geta lesið sér til yndis og ánægju.

Þótt börn geti stautað er ekki þar með sagt að þau séu fær um að lesa sjálf og skilji hvað býr að baki bókstöfunum. Með því að lesa fyrir þau og með þeim erum við að auka lestrarfærni þeirra, bæta málfar þeirra, efla málskilning og stuðla að almennum þroska.

En þó að börn séu farin að lesa sjálf er mikilvægt að foreldrar hætti ekki að lesa upphátt. Foreldrar eiga að halda áfram að lesa fyrir börnin og lesa þá ef til vill þyngri eða flóknari texta en þau ráða við sjálf. Þannig kynnast börn fjölbreyttari orðum og nýjum hugtökum. Það býr þau undir að lesa æ þyngri texta.

Gott er að spjalla saman um efni bókarinnar, rök-ræða og velta fyrir sér efni hennar, hvort sem börn lesa sjálf eða lesið er fyrir þau. Með því að lesa fyrir börn og ræða við þau um efnið erum við að miðla þeim af heimi sem þau ráða enn ekki við sjálf. Það er mikilvægt fyrir málskilning og læsi að foreldrar lesi þannig með börnum sínum. Það gegnir svipuðu hlutverki og að lesa fyrir börnin.

Er þá sama hvað börn lesa?

Allur texti eykur lestrarfærni en ekki er allt efni jafngott. Texti á sjónvarpsskjá er til dæmis mjög knappur og rýr vegna þess að hann er hugsaður sem stuðningur við myndefni og dagblaðatexti getur verið einhæfur vegna efnisvals. Þess vegna er mikilvægt að börn

kynnist margs konar texta um margvíslegt efni: þjóðsögur og ævintýri, vísindi og tækni, ástir og sorgir, líf og dauða.

Drengir lesa minna en stúlkur

Rannsóknir á íslenskum börnum sýna að drengir lesa minna en stúlkur í tómstundum sínum og að hópur þeirra sem ekkert les stækkar sífellt. Af hverju ætli það sé? Af hverju lesa strákar minna en stelpur?

Það er munur á lestrarvenjum stráka og stelpna!

- Getur verið að foreldrar haldi frekar bókum að stelpum en strákum?
- Getur verið að tölvuleikjum sé frekar otað að strákum en stelpum?
- Getur verið að sumir leikir barna séu betri undirbúningur og skapandi jarðvegur fyrir lestur?
- Getur verið að lesturinn höfði síður til barna sem sækjast eftir leikjum með mikilli hreyfingu en hinna sem leita eftir ró og næði í leikjum sínum? Er það vegna þess að lestri fylgir ekki sá kraftur og sú virkni sem þykir eftirsóknarverð?
- Getur verið að of lítið sé gert af því að halda bókum að fjörmiklum börnum?

Það er gaman að lesa!



Það er gaman að lesa!

Í nútímapjódfélagi er nauðsynlegt að vera læs

Lestur er fyrir alla, fyrir mig og fyrir þig, en ekki fyrir fáa útvalda

Miklu skiptir að lesið sé með börnum fram eftir aldri!

Það er gaman að lesa!

Hvað gerist þegar við lesum? Augun fylgja svörtum bókstafstáknum frá vinstri til hægri aftur og aftur. Veröldin birtist okkur. Hugsanir, sem einhver hugsaði nýlega eða fyrir löngu leita fram í hugskoti okkar.

Manneskjur sem við kynnumst í bókum líkjast hinum lifandi, þær tala eins og við, anda eins og við og gráta og hlæja eins og við. En þegar við teygjum okkur eftir þeim gripum við í tóm.

Hrifandi texti vekur lesandanum oft þá tilfinningu að hann sé að lesa eitthvað sem hann hafi vitað en verið búinn að gleyma.

Lesturinn er eins konar leiksvið þar sem skáldið og lesandinn setja upp töfraleikrit. Það er ekki bara höfundurinn sem er skapandi heldur líka lesandinn.

Það á að vera gaman að lesa!

Hvernig vekjum við áhuga barna sem ekki hafa kynnst töfrum lestrar?

Með því að fá börnum margs konar lesefni, sem hæfir áhugasviði þeirra, fræðibækur, sögur, teiknimyndasögur og tölvublöð. Það skiptir ekki öllu máli hvert lesefnið er, ef það vekur áhuga barna á lestri. Þá eru meiri líkur á að þau haldi áfram að lesa.

Lestur örvar málskilning

Mikilvægt er að lesa fyrir börn til þess að þau verði góðir málnotendur. Þau þurfa að heyra hvernig mál-ið er notað, hljóm þess og áherslur.

Börn sem lesa mikið ráða yfir meiri orðaforða, fá betri tilfinningu fyrir móðurmáli sínu og læra að láta sér þykja vænt um það. Þau nota ekki alltaf sömu orðin, læra að þekkja muninn á íslenskum og erlendum orðum og nota mismunandi orð eftir aðstæðum. Þessi börn eiga auðveldara með að orða hugsanir sínar, vanda málfar sitt, þau skiljast betur og það er meira mark tekið á því sem þau segja.

Lestur eflir málkennd

Málfar er hluti af persónuleika hvers og eins og engum á að vera sama um hvernig hann talar. Því er mikilvægt að börn séu vakin til umhugsunar um málfar sitt og þeim kennt að vanda það.

Lestur er góð leið að þessu markmiði.

Það er hollt að lesa!

Börn sem lesa mikið læra fyrr að tala rétt og nota síður rangar beygingar, t.d. á mannanöfnum eða sögn-um. Þau segja síður **Sigga hangti á slánni** og **ég fór til Jón Páls í körfu** en segja fremur **Sigga hékk á slánni** og **ég fór til Jóns Páls í körfu**.

Lestur býr börn undir stafsetningarnám.

- Flest orð skrifum við eftir minni og því hjálpar það börnum að hafa séð orðin á prenti, og skrifaður texti verður sjálfsagður hluti af tilverunni.
- Flestir eiga auðveldara með að skrifa orð sem þeir hafa oft séð en orð sem þeir hafa sjaldan eða aldrei séð.
- Flest börn verða góð í stafsetningu ef þau hafa séð mörg orð.